



Fundargerð hreppsnefndar 30. apríl 2015

Fundur nr. 20 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 30. apríl 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, Einar Björn Kristbergsson, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Víglundur Páll Einarsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Almenn mál:

- a. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A- og B hluta fyrir árið 2014 tekinn til fyrri umræðu.

Lagður fram ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2014 fyrir A- og B-hluta sjóði, endurskoðunarskýrsla ásamt sundurliðunum. Á fundinn var mættur Magnús Jónsson endurskoðandi hjá KPMG og gerði grein fyrir ársreikningnum. Reikningnum síðan vísað til síðari umræðu þann 07. maí nk. Samhljóða samþykkt.

- b. Bréf frá umboðsmanni barna

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að svara könnun umboðsmanns og að komið verði á ungmennaráði nk. haust í samvinnu við æskulýðs- og íþróttanefnd.

- c. Bréf frá formanni Kvenfélagsins Lindarinnar

Fram kom eftirfarandi tillaga Bárðar, Hrundar og Víglundar Páls:

„Vísu erindinu til fjárhagsáætlunargerðar. Sveitarfélagið móti reglur um styrki til félaga á Vopnafirði a) rekstrarstyrki og b) verkefnisstyrki. Rekstrarstyrkjum verði vísað til fjárhagsáætlunar ár hvert. Verkefnisstyrkir fái umfjöllun þegar styrkbeiðnir berast“. Samþykkt samhljóða.

- d. Bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

2. Fundargerðir:

- a. Skipulags og umhverfisnefndar 21.apríl 2015

Viðvíkjandi 2 tl. í fundargerð var tillaga 2 samþykkt samhljóða með þeirri breytingu að núverandi hraðahindrun í suðri verði færð nær félagsmiðstöð og gangandi umferð skólabarna verði beint inn á skólasvæði. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

- b. Fræðslunefndar 13.apríl 2015

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

c. Velferðarnefndar dags. 15. apríl 2015

Samþykkt að fela sveitarstjóra að kanna hvað miðar vinnslu bæklings um þjónustu við leigjendur Sundabúðar. Samþykkt að fela nefndinni í samráði við sveitarstjóra að vinna samþykkt fyrir velferðarnefnd. Hrund óskar að bókað verði: „Ég vil taka undir bókun velferðarnefndar um lið 3d og fagna því að nefndin viðheldur góðri stjórnsýslu og faglegum vinnubrögðum sem komið var á á síðasta kjörtímabili“. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

d. Menningarmálanefndar dags. 15. apríl 2015

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

e. 374. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

f. 18. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða – fundi slitið kl. 19:35.